

Mánudaginn 7. marz 1960.

Nr. 83/1959. **Bæjarstjórinn á Húsavík f. h. bæjarsjóðs**
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

Sigfúsi Baldvinssyni

(Jón N. Sigurðsson hrl.).

Dómenndur:

**hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Theodór
B. Línadal.**

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. maí 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s. m. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að framkvæmd lögtaks verði heimiluð. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ekkj er leitt í ljós í máli þessu, að sildarsöltun sú, sem stefndi rak á Húsavík sumarið 1956, hafi verið með þeim hætti, að hann hafi orðið þar útsvarsskyldur, hvorki samkvæmt a-lið 8. gr. laga nr. 66/1945 né öðrum ákvæðum þeirra laga. Vegna þess að áfrýjandi hefur haft uppi þá málsástæðu, að stefndi hafi með samningi við hann undirgengizt útsvarsskyldu, skal það tekið fram, að um heimild til álagningar útsvara fer eftir því, sem ákveðið er í útsvarslögum um afstöðu skattþegna til bæjar- eða sveitarfélaga, en ekki eftir samningum.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til. Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, bæjarstjórinn á Húsavík f. h. bæjarsjóðs, greiði stefnda, Sigfúsi Baldvinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fúgetadóms Akureyrar 20. febrúar 1959.

Mál þetta hófst hér fyrir fúgetadómi 20. nóvember 1958, og eftir að gagnasöfnun var lokið og munnlegur málflutningur í málinu hafði farið fram, var málið tekið til úrskurðar 13. þ. m.

Af hálfu gerðarbeiðanda, bæjarstjórans á Húsavík f. h. bæjarstjórnar, er krafizt, að lögtak fari fram hjá gerðarþola, Sigfúsi Baldvinssyni útgerðarmanni, Fjólugötu 10, Akureyri, fyrir ógreiddu útsvari, álöggðu 1957, að upphæð kr. 11.200.00, ásamt kostnaði við gerðina og kostnaði við uppboð, ef til kemur. Enn krefst gerðarbeiðandi málskostnaðar úr hendi gerðarþola eftir mati réttarins.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um framgang gerðarinnar og honum verði tildæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Gerðarþoli rak um 5 ára skeið síldarsöltun á Húsavík, eða árin 1952—1956 að báðum meðtöldum. Fyrstu þrjú árin hafði hann aðstöðuna framleigða frá Haraldj Böðvarssyni & Co., Akranesi, en síðustu tvö árin samdi hann við bæjarstjórn Húsavíkur um leigu á stöðinni. Upplýst er, að gerðarþoli hafi greitt útsvar á Húsavík vegna þessarar starfsemi, nema fyrir síðasta árið, þ. e. álagt 1957 vegna starfseminnar 1956, og hefur hann neitað greiðslu þessari og hefur gerðarbeiðandi því krafizt þessarar lögtaksgerðar til heimtu þess.

Gerðarbeiðandi hefur rökstutt kröfur sínar með því, að gerðarþoli hafi skuldbundið sig með samningi til að greiða útsvar til bæjarsjóðs Húsavíkur af framangreindri starfsemi. Húsavíkurbær hafi sett það skilyrði, að utanbæjarmenn, er aðstöðu fái til síldarsöltunar í kaupstaðnum, greiði útsvar af starfsemi sinni til jafns við aðra síldarsaltendur á staðnum. Þessu skilyrði hafi gerðarþoli verið háður sem aðrir, og beri honum því að greiða hið álagða útsvar. Gerðarþoli hefur þessu til sönnunar lagt fram endurrit úr gerðabók hafnarnefndar Húsavíkur svo og fleiri skjöl.

Verður efni þeirra nú að nokkru rakið, að því er hér skiptir máli.

Samkvæmt dskj. nr. 12 tók hafnarnefnd fyrir á fundi sínum 9. júlí 1950 umsókn Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga um, að þeir fái aðstöðu til síldarsöltunar á hafnargarðinum á Húsavík það sumar og áfram í 5 ár. Samþykkti hafnarnefndin að leigja þeim félögum aðstöðuna með sömu kjörum og síldarsaltendum á Húsavík, er salta það sumar og undanfarin ár hafi rekið þar síldarsöltun. Þessi fundargerð hafnarnefndar er lögð fyrir bæjarstjórn 11. júlí s. á., sbr. dskj. nr. 5, og samþykkir bæjarstjórn í einu hljóði svohljóðandi tillögu við þann dagskrárlið: „Bæjarstjórnin samþykkir ályktun hafnarnefndar frá 9. júlí um leigu á síldarsöltunaraðstöðu á hafnargarðinum í trausti þess, að fyrirtækið, er tekur á leigu, verði skrásett til heimilis á Húsavík.“

Samþykktir þessar virðast hafa verið sendar Jakob V. Hafstein, Reykjavík, enda var hann ásamt Kolbeini Björnssyni félagi Sturlaugs H. Böðvarssonar um fyrirhugaða síldarsöltun á Húsavík, sbr. upplýsingar umboðsmanns gerðarbeiðanda í málflutningnum. Í bréfi Jakobs V. Hafsteins, dags. 18. júlí sama ár, sbr. dskj. nr. 8, til hafnarnefndar Húsavíkur staðfestir hann móttöku á fyrrnefndum fundargerðum og tilkynnir jafnframt, að síldarstöð þeirra verði framvegis rekin undir nafninu „Lundey“, og kveðst hann setja sig í samband við nefndina um skrásetningu stöðvarinnar á Húsavík, strax og Sturlaugur H. Böðvarsson komi heim, en hann var þá staddur erlendis. Á fundi hafnarnefndar 10. ágúst 1950 er Jakob V. Hafstein mættur fyrir söltunarstöðina „Lundey“, og er þar framlagt fyrrnefnt bréf hans, sbr. dskj. nr. 11.

Af hálfu gerðarbeiðanda hefur því verið haldið fram, að framangreind gögn sanni, að gerður hafi verið samningur milli bæjarstjórnar Húsavíkur og Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga um, að þeir fengju söltunaraðstöðu á Húsavík í 5 ár með því skilyrði, að þeir stofnuðu félag um starfsemina, sem skrásett væri á Húsavík, en með því hafi þeir raunverulega skuldbundið sig til að greiða útsvar til Húsavíkurbæjar af þessari starfsemi sinni, því að óumdeilt sé, að félag, sem skrásett sé á ákveðnum stað og hafi þar atvinnurekstur, sé útsvarsskylt.

Framanefnt félag um síldarsöltun á Húsavík virðist aldrei hafa verið skrásett. Hefur málflutningsmaður gerðarbeiðanda við flutning málsins skýrt svo frá, að bæjarstjórnin hafi eigi gert reka að því, að félagið yrði skrásett á Húsavík, þar sem greitt hafi verið útsvar vegna þessa reksturs, þrátt fyrir það að félagið var eigi

skráð, en tilgangur með nefndu ákvæði hafi eingöngu verið að tryggja það. Með dskj. nr. 9 hefur gerðarbeiðandi lagt fram símskeyti, dags. 11. júlí 1952, til sýslumannsins á Húsavík frá Export, sem er skrásett símnefni Haralds Böðvarssonar & Co., Akureyri. Segir þar orðrétt: „Höfum leigt Sigfúsi Baldvinssyni, Akureyri, í sumar aðstöðu okkar til síldarsöltunar hafnargarðinum á Húsavík,“ sbr. dskj. nr. 9. Þessu svarar hafnarnefnd Húsavíkur með símskeyti, dags. 14. júlí s. á., sbr. dskj. nr. 10, en þar segir: „Samþykkjum þér leyfið þessu sumri Sigfúsi Baldvinssyni nota aðstöðu yðar hafnargarðinum til síldarsöltunar, en höldum okkur algerlega að yður um uppfyllingu samnings 9. júlí 1950.“

Þar sem Sigfús Baldvinsson hafði þannig gerzt framleigutaki þeirra réttinda, sem Sturlaugur Böðvarsson og félagar höfðu til síldarsöltunar á Húsavík, hafði hann einnig að áliti gerðarbeiðanda tekið á sig skyldur samkvæmt samningnum, sem hafi meðal annars verið þær að greiða útsvar af rekstrinum til bæjarsjóðs Húsavíkur. Eftir að samningurinn við Sturlaug H. Böðvarsson og féлага var fallinn úr gildi, tók gerðarþoli söltunarstöðina á leigu hjá Húsavíkurbæ. Telur gerðarbeiðandi, að söltunarstöðin hafi þá verið leigð með sömu skilyrðum og áður. Samkvæmt dskj. nr. 6 samþykkti hafnarnefnd Húsavíkur á fundi sínum 6. desember 1955 „að leigja hinum sömu 5 síldarsaltendum hin sömu pláss og þeir hafa haft undanfarin ár og með sömu kjörum og undirgift fyrir hverja síldartunnu eins og á þessu ári . . .“ Gerðarþoli hafi því á árinu 1956 haft síldarstöðina á leigu með því skilyrði, að hann greiddi útsvar til Húsavíkurbæjar eins og jafnan áður. Í flutningi málsins byggði umboðsmaður gerðarbeiðanda lögtakskröfu sína einnig á c-lið 9. gr. útsvarslaganna nr. 66/1945. Það væri óumdeilt, kvað hann, að gerðarþoli hafi rekið söltun síldar á Húsavík árið 1956, og bæri honum því samkvæmt nefndu lagaákvæði að greiða hluta af útsvari sínu til Húsavíkurbæjar.

Gerðarþoli hefur rökstutt kröfur sínar með því, að hann hafi ekki verið útsvarsskyldur á Húsavík, er umkrafið útsvar var á hann lagt. Hann hafi verið heimilisfastur á Akureyri og greitt þar öll opinber gjöld. Reksturinn á Húsavík hafi aðeins staðið yfir hluta sumarsins, hann hafi ekki haft þar neina skrifstofu eða bækistöð eða fasta starfsmenn og eigi þar engar eignir. Enn hefur gerðarþoli mótmælt því, að hann hafi með samningi eða á nokkurn annan hátt skuldbundið sig til þess að greiða útsvar til Húsavíkurkaupstaðar. Í aðiljaskýrslu sinni hefur gerð-

arþoli tekið fram, að hann telji, að hafnarnefnd hafi bókað í sambandi við leigu á stöðinni, að greitt yrði útsvar til bæjar-sjóðs vegna rekstrarins á Húsavík eins og öðrum stöðvum þar, en ekki hefur nein fundargerð með slíkrj bókun komið fram í máli þessu. Þá kveðst gerðarþoli hafa boðið bæjarstjórninni að stofna hlutafélag á staðnum um rekstur stöðvarinnar, ef hann fengi stöðina leigða til 3ja ára, en því hafi verið hafnað. Um leiguna segir hann, að enginn sérstakur skriflegur samningur hafi verið gerður, en munnlega ákveðið, hver leigan skyldi vera eftir stöðina.

Samkvæmt gögnum máls þessa og samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, verður að líta svo á, að gerðarþoli hafi ekki verið útsvarsskyldur á Húsavík árið 1957 eftir 8. gr. útsvarslaganna, hvorki 1. mgr. eða 3. mgr., enda verður eigi talið, að hér hafi verið að ræða um heimilisfasta atvinnustofnun í merkingu a-liðs, 3. mgr. þeirrar greinar, og raunar eigi um það deilt, því að gerðarbeiðandi byggir kröfu sína aðallega á því, að um þetta hafi verið samið. Það má vera, að fyrirtæki Sturlaugs H. Böðvarssonar og félaga hafi á sínum tíma skuldbundið sig til útsvarsgreiðslu á Húsavík með því að skuldbinda sig til að láta skrá fyrirtæki sitt á Húsavík, en þótt svo megi hafa verið, þykir viðurhlutamikið að líta svo á, að bókun á hafnarnefndarfundinum 6. desember 1955, sem að framan er að nokkru rakin, sbr. dskj. nr. 6, skuldbindi gerðarþola til útsvarsgreiðslu á Húsavík, enda er ekkert sérstaklega að því vikið og samþykkt þessi nær jafnt til bæjarmanna, sem slíkar stöðvar hafa, og utanbæjar-aðilja, og með því að eigi verður séð, að gerðarbeiðandi hafi fært önnur rök fyrir kröfu sinni, verður eigi hægt að fallast á hana á þeim forsendum. Skipting útsvara eftir 9. gr. útsvarslaganna heyrir eigi undir þenna dómstól, og verður því eigi til greina tekin. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að synja um framgang þessarar gerðar. Eftir atvikum þykir rétt, að máls-kostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Gerð þessi á ekki að fara fram.

Málskostnaður fellur niður.